



Nefndasvið Alþingis  
Sjávarútvegsnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN**  
*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1817*  
*komudagur 4.5.2005*

Reykjavík, 02.05.2005  
Tilv. 22.0  
JS/sv

**Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, þskj. 250. – 239. mál, 131. löggj.þing 2004-2005.**

Vísað er í erindi sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 7. apríl 2005, varðandi umsögn um ofangreint frumvarp til laga.

Eins og meðfylgjandi minnisblað Hafrannsóknastofnunarinnar gefur til kynna starfar stofnunin að ýmsu leyti í anda 1. gr. frumvarpsins nú þegar. Þó mikið vanti á að þekking varðandi tengsl dýrastofna og áhrif mismunandi veiðarfæra á einstaka stofna eða dýrasamfélög sé fullnægjandi, er eðlilegt markmið í skynsamlegri nýtingu fiskistofna að sjónarmið í anda frumvarpsins séu höfð að leiðarljósi. Þessi viðhorf eru líka í anda alþjóðlegra samþykktu um vistfræðilega nálgun í stjórn fiskveiða og samrýmast þeirri vinnu sem nú fer fram á vettvangi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Því er ekki óeðlilegt að hugað sé að löggjöfinni í þessu tilliti.

Varðandi 2. gr. frumvarpsins er ekki að fullu ljóst hvað ákvæðið leiddi af sér, en Hafrannsóknastofnunin leggur áherslu á að tryggt sé að slíkt ákvæði dragi ekki úr möguleikum stjórnvalda að ná settu markmiði varðandi takmörkun heildarafla á ári hverju.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,

Jóhann Sigurjónsson

**Heimilisfang:**  
Skúlagötu 4  
Pósthólf 1390  
121 Reykjavík

**Sími:**  
575-2000  
**Póstfax:**  
575-2001

**Heimasíða:**  
[www.hafro.is](http://www.hafro.is)

**Tölvupóstfang:**  
[hafro@hafro.is](mailto:hafro@hafro.is)

**Minnisblað: Frumvarp til laga um breytingu á iögum nr.38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, þskj. 250. – 239. mál, 131. löggj.þing 2004-2005.**

Hafrannsóknastofnunin tekur undir það að við stjórn veiða skuli á hverjum tíma taka mið af bestu þekkingu sem til er um afrakstursgetu veiðistofna enda hefur stofnunin það ávallt að leiðarljósi í sinni ráðgjöf um leyfilegan hámarksafla. Áhrif veiða á einstökum tegundum á viðkomu annarra tegunda og á vistkerfi hafsins í heild er hins vegar mun minna þekkt þó að þegar séu notaðar við ráðgjöf upplýsingar um stærð loðnustofnsins í spám um vöxt þorsks og stærð þorskstofnsins við stofnstærðarmat á úthafs-rækju. Hugsanleg mismunandi áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsins og viðkomu fiskstofna eru enn sem komið er lítt skilgreind þó möskvastærðartakmarkanir í togveiðarfæri og skiljur þjóni ákveðnum verndunarmarkmiðum í anda ofangreinds frumvarps.

Kortlagning viðkvæmra búsvæða svo sem kóralsvæða hófst árið 2004. Á neðansjávarmyndum má bæði sjá röskuð svæði eftir togveiðar og óröskuð svæði með auðugu lífi kóralklasa og annarra lífvera. Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til friðun síðarnefndu svæðanna og gerð hefur verið skýrsla um helstu niðurstöður. Árið 2004 hófust einnig rannsóknir á mögulegum áhrifum svæðafriðana á samfélög botndýra og botnfiska en nokkur svæði við landið hafa verið friðuð í um 13 ár fyrir veiðum með fiskibotnvörpu, flotvörpu og línu. Annar leiðangur af þessu tagi er á rannsóknáætlun fyrir árið 2005.

Auk ofangreindra rannsókna hafa á undanförunum árum verið rannsökuð áhrif botnvörpuveiða á lífríki botns í Stakksfirði, Faxaflóa, og langtímaáhrif kúfiskplógs á lífríki botns í Þistilfirði. Helstu niðurstöður eru þær að langtímaáhrif ofangreindra veiðarfæra á aðrar lífverur en sóknartegundina sjálfa virðast fremur lítil á tiltölulega mjúkum botni og grunnu vatni. Því er líklegt að botndýr sem þar er að finna séu frekar aðlöguð að raski af völdum storma og þoli því betur botnrask frá veiðarfærum. Annað gildir hins vegar um lífríkið dýpra og á hörðum botni svo sem á kóralsvæðum. Þó að bein umhverfisáhrif togveiðarfæra á lífríki sjávar og þá einkum botndýra séu mest áberandi og því mest rannsökuð hafa eftir sem áður verið gerðar rannsóknir á öðrum veiðarfærum sem tengjast þessu. Skal þar einkum nefna tvær rannsóknir sem fram fóru við Norður- og Norðvesturland á lífslíkum þorsks við brottkast í línu- og handfæraveiðum. Niðurstöður voru einkum þær að lífslíkur fara minnkandi með auknu dýpi og eru nokkru meiri við handfæraveiðarnar samanborið við línuveiðar. Þannig voru dauðsföll 40-50% með línu en 20-40% með handfærum og meiri á dýpra vatni en grynna. Þannig geta verið áhöld um það í þessu tilliti hvort t.d. þorskur sem smýgur togveiðarfæri og lifir af í allt að 98-99% tilvika sé ekki jafnvel lífvænlegri en sá sem sleginn er af krókum.

Í greinargerð með frumvarpinu leggja flutningsmenn áherslu á það að varlega skuli farið við upptöku stjórnunaraðferða m.a. með tilliti til mismunandi veiðarfæra þó að markvisst skuli stefnt að eðlilegri mismunun milli veiðarfæra á grundvelli bestu þekkingar á hverjum tíma. Mismunun milli veiðarfæra er á þessu stigi málsins aðeins augljós þegar um notkun mismunandi möskvastærðar eða smáfiskaskiljur er að ræða en einnig mætti stunda veiðar með mismunandi krókastærð svo eitthvað sé nefnt í sambandi við valkosti við línu- og handfæraveiðar. Með þessu móti mætti einnig minnka veiðar á smærri fiski við krókaveiðar.

Með hliðsjón af þeirri miklu sókn sem lengst af hefur einkennt veiðar undanfarna áratugi fær Hafrannsóknastofnunin ekki séð að 10% álag á afla með tilteknum veiðarfærum, úr tilteknum

fiskstofnum eða á tilteknum svæðum sé skilvirkt úrræði enda yrði að sjá til þess að heildarafli héldist innan settra marka. Svæðisbundin stjórnun veiða er hins vegar nauðsynleg þar sem um staðbundna stofna er að ræða og vali á veiðarfærum er beitt til verndunar smáfisks eða hrygningarfisks.

Hafrannsóknastofnunin, 29. apríl 2005